

um frumvarp til laga um lögráð.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta hefir landsstjórnin lagt fyrir Alþingi. Hefir það verið athugað í allsherjarnefnd Ed., og er svo til Nd. komið frá Ed. Hefir Ed. gert allmiklar orðabreytingar á frv. að ráði allsherjarnefndar.

Frumvarpið hefir samið í öndverðu Lárus H. Bjarnason prófessor, og hefir stjórnin lagt frumvarp hans fram á Alþingi óbreytt, nema það, að eftir frv. prófessorsins skyldi stjórnarráð Íslands eiga úrskurðarvald um sviftingu lögræðis, en samkvæmt frv. stjórnarinnar skal það mál að öllu leyti sæta úrskurði dómsvaldsins. Nefndin er stjórninni samþykkt um þetta.

Í frv. eru nokkur nýyrði. Eru það heiti á nokkrum hugtökum lögfræði. Í frv. stjórnarinnar er sá hæfileiki manns, að mega sjálfur að lögum fara með mál sín, bæði þau, er fjárreiður og vistarfar varða, nefndur »lögræði«. Er það gott orð. Nú felst í lögræði tvent, forræði manns á sjálfum sjer, og forræði hans á fje sínu. Hið fyrra er rjett nefnt »sjálfræði«, og hið siðara »fjarræði«. Til þessara heita svara lýsingarorðin »lögráður«, »sjálfráður« og »fjarráður«, eins og stórræði — stórráður, illræði — illráður, skjótræði — skjótráður o. s. frv. Með forskeytinu ó- fá lýsingarorð þessi neitanar merkingu, og er alt þetta samkvæmt orðmyndunarreglum tungu vorrar. Orðin ná vel því, sem i þeim á að felast, og eru auk þess alls eigi óviðfeldin.

Efri deild hefir farið að ráðum allsherjarnefndar þar, og sett orðið »lögráð« fyrir »lögræði«, »sjálfráð« fyrir »sjálfræði«, »fjarráð« fyrir »fjarræði«, »fjarráða« (óbeygjanlegt) fyrir »fjarráður«, »sjálfráða« fyrir »sjálfráður«, »fjarróráður« og stundum »fjarróráða« (ób.) fyrir »ófjarráður«, »sjálfsóráður« og stundum »sjálfsóráða« (ób.) fyrir »ósjálfráður«, og »ólögráða« (en eigi »lögóráða«, eins og samræmið heimtar þó) fyrir »ólögráður«.

Nefndin getur engar þessar breytingar aðhylst. Ræður hún því til þess, að frv. verði að þessu leyti til kipt í sama lag sem það var í frá hendi höfundar þess og landsstjórnarinnar. En þær breytingar orka því, að orða verður frv. af nýju að mestu leyti. Eigi hefir allsherjarnefnd Ed. þó lagt til, að breytt yrði nokkrum atriðum í frv., sem ástæða virðist fremur til, og vjer leggjum því til, að breytt verði. Loks er skylt að játa það, að efri deild hefir að ráði allsherjarnefndar breytt orðalagi á sumum stöðum til bóta, og vill nefndin auðvitað láta þær breytingar haldast.

Um breytingartillögur nefndarinnar skal þessa getið:

- Um 1 (fyrirsögn frv.). Stafar af því, að lögheiti stjórnarfrv. eru aftur sett í frv.
- Um 2 (1. gr. frv.). Sama ástæða.
- Um 3 (2. gr. frv.). »Maður« er bæði í lagamáli og ella samheiti karla og kvenna, eins og »manneskja«, líkt og »quis« (einhver) merkir jafnt karla

sem konur í lagamáli Rómverja. Orðabreytingar stafa hjer annars af sömu ástæðu sem um 1. getur.

Lagatilvitnanir í texta frv. telur nefndin óviðfeldnar. Vera má, að lög þau, er þar getur, verði úr gildi feld, meðan lög um lögræði standa, en alt að einu stæði þó tilvitnunin kyrr í texta þeirra laga. Ákvæði tilsk. 30. apríl 1824, 3. gr. 6. lið, tilsk. 25. sept. 1850, 20. gr. og laga nr. 9, 12. maí (en eigi 18. maí, eins og ranglega stendur í frv. eftir 3. umr. í Ed.) 1882, 1. gr. og önnur slík undantekningarákvæði falla eigi niður að heldur samkv. orðalagi því, er nefndin leggur til.

Um 4 (3. gr. frv.). Orðalag nefndarinnar stafar aðallega af sömu ástæðu sem um 1. greinir. Myndin »foreldri« er sett aftur, og þeirri mynd haldið.

Um niðurfall tilvitnanar í lög nr. 4, 19. febr. 1886, 8. og 9. gr., er sama athugasemd sem um 3. segir. Auk þess falla 8. og 9. gr. laga 1886 niður, ef frumvarp það um hjónavígslu, sem Nd. hefir afgreitt, verður að lögum.

Um 5 (4. gr. frv.). Orðabreytingar eru að mestu samkvæmt framanskráðu. Tilvitnan stjfrv. og frv. frá Ed. í lög nr. 3, 12. jan. 1900, 2., 4. og 15. gr., hverfi úr texta frv. samkvæmt þeim ástæðum, er greinir hjer áður. Einsæ efnisbreyting er það, að gjafalje sje því að eins undir forræði sjálfráðs manns, en ófjárráðs, að gefandi hafi eigi látið öðru visi um mælt, enda samkvæmt gildandi rjetti.

Um 6 (5. gr. frv.). Orðalagi breytt samkvæmt framansögðu. Hitt óverulegar breytingar til styttingar.

Um 7 (6. gr. frv.). Orðabreyting samkvæmt áðursögðu.

Um 8 (7. gr. frv.). Orðabreytingar í samræmi við framanskráðar athugasemdir og að öðru eigi verulegar.

Rjett þykir að kveða skýlaust á um það, að úrskurður um lögræðissviftingu skuli þegar skráður í þinglýsingabók, og á svo að lýsa honum á varnarþingi rjettu, mannsins sjálfs, fasteignar og þar sem heimili skips er skrásett.

Um 9 (8. gr. frv.). Hjer stytt, því að fullskýrt þykir, og að sumu leyti fært nær orðalagi stjfrv.

Um 10 (9. gr. frv.). a)—d) Orðabreytingar í samræmi við framanskráð. e) Kveðið skýrar á um skyldu til greiðslu kostnaðar, ef rangar skýrslur verða valdandi rangs úrskurðar um lögræðissviftingu. Eigi þarf að nefna það, að vísvitandi rangar skýrslur geti orkað ábyrgðar að lögum. Ef vitni eru, er slikt einsætt. Um aðra, er aðilja sakar má kalla, er nokkuð öðru máli að gegna.

Um 11 (10. gr. frv.). Þarf eigi skýringar.

Um 12 (11. gr. frv.). a) þarf eigi skýringar. b) Fært til betra máls. Ættleiðing, svo sem hún fór fram eftir Jónsbók Kvennag. 9. kap. (Erfðat. 15. kap.) er nú eigi í lögum. Orðið ættleiðing er þó látið haldast, því að nú mun það haft í sömu merkingu sem útlenda orðið »Adoption«, og verður að merkja það í þessu sambandi.

Um 13 (12. gr. frv.). Orðabreytingar samkv. áðursögðu. Tilvitnanir í lög nr. 15, 16. sept. 1893, 1. gr., lög nr. 3, 12. jan. 1900, 2. gr. og lög nr. 45, 30. júlí 1909, 1. gr. falli niður í samræmi við það, er áður segir.

Um 14 (13. gr. frv.). Orðabreytingar samkv. framanskráðu. Brottfall lagatiltvitnana (tilsk. 18. febr. 1847, op. br. 4. júní 1864 og tilsk. nr. 12, 23. ág. 1904) er í samræmi við framanskráð.

Um 15 (14. gr. frv.). Orðabreytingar samkv. ofanskráðu. Brottfall tiltvitnana (tilsk. 18. febr. 1847 og skiftal. nr. 3, 12. apríl 1878, 83. gr.) einnig.

15. gr. frv. hefir Ed. eigi breytt svo, að þörf sje á að bæta þar um.

Um 16 (16. gr. frv.). Sú grein ein er óbreytt frá Ed. Um hana skal þessa getið: Þótt svo sje til orða tekið, að »öll önnur ákvæði (o. en þau, sem berum orðum eru nefnd), er koma kynnu í bága við lög þessi«, skuli úr lögum numin, þá nær þetta eigi til sjerákvæða i einstökum lögum. Er þetta bæði samkvæmt almennum lögskýringareglum og vegna fyrirmæla i þeim greinum frv., þar sem einkum var ástæða til að slá varnagla um slík lög.

Fyrirmælin um ábyrgð i 4. gr. frv., 2. málsgr., eiga eftir tillögum nefndarinuar að hverfa, af því að þau þykja óþörf. En fyrir varúðar sakir vill nefndin þó taka hjer af skarið um gildi N. L. 1—21—9 og D. L. 1—23—12 eftirleiðis.

Nefndin ræður hv. deild til að samþykkja frv. með þeim breytingum, er á þgskj. 415 segir og hjer hefir verið gerð grein fyrir.

Alþingi, 11. ágúst 1917.

Einar Arnórsson,
formaður og framsögum.

Magnús Guðmundsson,
skrifari.

Pjetur Ottesen.

Einar Jónsson.

Einar Árnason.